



1. Tilgangur

Þessi verklagsregla lýsir því ferli sem fer af stað, þegar beiðni eða ósk um nýjan eða breyttan áfanga eða námsbraut í námskrá berst til stjórnenda skólans. Tilgangur þess er að ná fram úrbótum í starfseminni með skipulögðum aðferðum sem auka hæfni, færni og þekkingu nemenda.

2. Gildissvið

Verklagsreglan á við þegar tekin er upp kennsla í nýjum áfanga eða þegar eldri áfanga er breytt umtalsvert t.d. breyttur einingafjöldi eða megininntak og þegar námsbraut er hönnuð eða henni breytt þannig að hún þurfi að fá staðfestingu Menntamálastofnunar. Stöðug endurskoðun á áfanga fer fram í hvert skipti sem hann er kenndur og eru þá oft gerðar minniháttar breytingar eða lagfæringar og vísast þá til VKL-106 Heildarstjórnun náms.

3. Hugtök

Listi yfir þau hugtök sem notuð eru í þessum kafla er að finna í Gæðahandbók á blaðinu [INN-004 Hugtök og skilgreiningar](#).

4. Ábyrgð

Um ábyrgð **skólans** almennt vísast í [STS-009 Lög og reglur](#). Skólinn ber ábyrgð á að áfangar, áfangalýsingar og námsbrautir fullnægi lögum um framhaldsskóla og skilyrðum alþjóðastofnana um alþjóðleg atvinnuskírteini eftir því sem við á.

Skólameistari ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt þessu ferli, ásamt sviðsstjórum og kennurum ber honum að vera vakandi fyrir breytingum í íslensku og alþjóðlegu starfs- og gæðaumhverfi skólans.

Fagstjórar/brautarstjórar eru ábyrgir fyrir að fylgjast með þróun á starfsemi IMO, útgáfu nýrra reglugerða, laga eða alþjóðasamþykktá sem áhrif hafa á þróun og endurnýjun á áföngum og námsbrautum. Þeir eru ábyrgir fyrir að koma ábendingum á framfæri við sína kennara, til sviðsstjóra, til skólameistara, og að upplýsa áfangastjóra og verkefnisstjóra námskrár. Þeir hafa frumkvæðið í vinnu við hönnun og umbót áfanga.

Sviðsstjórar fylgjast með og vinna að hafa frumkvæðið í vinnu við hönnun og umbót áfanga og námsbrauta.

Áfangastjóri er ritstjóri námsskrár. Almennt er miðað við að ákveðinn starfsmaður; kennari, fag- eða brautarstjóri eða stjórnandi sjái um hönnun eða breytingu á áfanga eða námsbraut. Viðkomandi sér um að útfylla GÁT -023 eða GÁT-031. Við minniháttar breytingar á áfanga eða námsbraut getur áfangastjóri tekið ákvörðun um að skipa ekki sérstakan umsjónaraðila. Áfangastjóri sér þá um að GÁT-023 fyrir hönnun áfanga eða [GÁT-031](#) fyrir hönnun námsbrautar sé útfylltur.

Kennarar eru einnig ábyrgir fyrir að fylgjast með þróun áfanga og námsbrauta á sínu starfsviði, ræða hana við fagstjóra/brautarstjóra og koma ábendingum til þeirra. Þeir eru ábyrgir fyrir umbótum á kennslu efni sínu og framsetningu þess í samræmi við unnar umbætur á áföngum sínum.

5. Framkvæmd

Nr.: VKL-302
Útgáfa: 08
Dags.: 27.09.2017
Höfundur:
AMJ/SHS/JÁR
Samþykkt: SHJ
Síða 2 af 5

Hönnun og umbót áfanga og námsbrauta



Verkefnaskólinn á Akureyri

Ósk um umbót á áfanga og námsbraut getur borist til stjórnenda skólans frá t.d. nemanda, atvinnulífinu, menntamálaráðuneytinu, starfsgreinaráði eða öðrum opinberum aðilum. Áfangi eða námsbraut öðlast gildi við staðfestingu skólameistara og Menntamálastofnunar þar sem það á við. Menntamálaráðherra staðfestir námsbraut með auglýsingu á heimasíðu menntamálaráðuneytis. Einnig birtist staðfest námsbraut ásamt áfangalýsingum á vefnum namskra.is

Ef endurnýja þarf kennsluefni, þá er verklaginu fylgt eins og lýst er í [VKL-305 Útgáfa og endurnýjun kennsluefnis](#).

Nr.: VKL-302
Útgáfa: 08
Dags.: 27.09.2017
Höfundur:
AMJ/SHS/JÁR
Samþykkt: SHJ
Síða 3 af 5

Hönnun og umbót áfanga og námsbrauta




Verkefnaskólinn á Akureyri

Ferlinu um hönnun og umbót áfanga og námsbrauta er lýst í eftirfarandi flæðiriti, með skýringum, lýsir hönnunarferlinu, sem nær yfir forsendur/kröfur, hönnun, sannprófun og útskrift "vörunnar" til notkunar:

Hönnun og umbót áfanga og námsbrauta



Verkefnaskólinn á Akureyri



Hönnun og umbót áfanga og námsbrauta



Verkefnaskólinn á Akureyri

Flæðiriti eytt.

6. Tilvísanir í skjöl

[STS-009 Lög og reglur](#)

[GÁT -023 Hönnun og umbót námsbrauta](#)

[GÁT-031 Hönnun og umbót áfanga](#)

[VKL-106 Heildarstjórnun náms](#)

[VKL-305 Útgáfa og endurnýjun kennsluefnis](#)

7. Viðeigandi skrár

[03 Áfangalýsingar](#)

[09 Námskennsluáætlanir](#)

Mappa á skrifstofu áfangastjóra merkt **Hönnun og umbót námsbrauta og áfanga**.

Skrár gæðaráðs eins og lýst er í [VKL-102](#).

[Namskra.is](#)